



Reykjavík, 12. mars 2024

MSS24030059

Borgarráð

### ***Skipan fulltrúa í stjórn Íþróttá- og sýningarhallarinnar***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 29. febrúar 2024, að skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 29.02.2024, að skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Íþróttá- og sýningarhallarinnar hf.



**Reykjavík**



## **Tillaga tilnefninganefndar borgarráðs Reykjavíkur**

Samkvæmt Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar (eigandastefnan) hefur tilnefningarnefnd borgarráðs Reykjavíkur það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórna fyrirtækja sem falla undir eigandastefnuna, sem og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna). Aðalfundur Íþrótt- og sýningahallarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024 í Laugardalshöll við Engjaveg.

Fyrir liggur að tilnefna og kjósa í stjórn Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. sem Reykjavíkurborg á til helminga á móti Samtökum iðnaðarins. Samkvæmt 17. gr. samþykktar Íþrótt- og sýningarhallarinnar skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum og tveimur til vara til eins árs í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Samkvæmt hluthafasamkomulagi eiganda tilnefna hluthafarnir tvo stjórnarmenn hvor um sig og einn til vara. Sameiginlega tilnefna hluthafarnir svo fimmta stjórnarmanninn og er hann jafnframt formaður stjórnar.

Samkvæmt eigandastefnunni skal í vinnu tilnefninganefndar litið til þess að stjórn, nefnd eða ráð sé hverju sinni saman sett af einstaklingum í sem jöfnustum kynjahlutföllum, sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu, sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni, m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar.

Fyrir liggur að Þjóðarhöll ehf., fyrir hönd ríkis og Reykjavíkurborgar, býður fyrirtækjum og teymum að sækja um þátttöku í forvali fyrir samkeppnisútböð fyrir hönnun og byggingu nýrrar Þjóðarhallar fyrir innanhúsiþróttir í Laugardal. Þar til skýrari mynd er komin á það verkefni leggur tilnefninganefndin til að fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Íþrótt- og sýningahallarinnar verði áfram þau Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs og Ómar Einarsson fyrrverandi sviðsstjóri íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar. Þau hafa bæði breiða þekkingu og reynslu sem nýtist fyrirtækinu vel. Mikilvægt er að gætt sé að óhæði sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs vegna stjórnarsetunnar í ljósi hlutverks sviðsins við fjárhagsáætlanagerð ofl. samkvæmt eigandastefnunni. Þá leggja eigendur Íþrótt- og sýningarhallarinnar hf. sameiginlega til að formaður verði Sveinn Smári Hannesson.

*Samþykkt á fundi tilnefninganefndar, 29. febrúar 2024*



**Reykjavík**